

# Námskeið fyrir eldvarnafulltrúa

skýringar með glærum Eldvarnabandalagsins

## Leiðbeinendur

### Námskeiðsgögn

- Eigið eftirlit með eldvörnum – leiðbeiningar fyrir stofnanir og fyrirtæki (Eldvarnabandalagið 2012)
- Gátlisti Eldvarnabandalagsins: Mánaðarlegt eftirlit
- Gátlisti Eldvarnabandalagsins: Árlegt eftirlit
- Glæsur sendar í tölvupósti ásamt slóð á gátlista
- Plakat Eldvarnabandalagsins fyrir starfsfólk

### Vettvangsskoðun

Í lok námskeiðs verði þátttakendur leiddir um húsnæðið og þeim sýndur helsti eldvarnabúnaður sem um ræðir, merkingar, eldvarnahurðir, viðvörunarkerfi og þvíumlíkt.

Loks fá þátttakendur sýnikennslu og þjálfun í notkun slökkvibúnaðar.

### *Glæra 1: Eigið eldvarnaeftirlit*

- Hvers vegna eigið eftirlit?
- Árlega milljarða tjón hjá fyrirtækjum, stofnunum og heimilum.
- Áhrif eldsvoða á rekstur og þjónustu – rask, óþægindi, sótt, vatn, lykt, heilsutjón, jafnvel banaslys þótt þau séu algengust í íbúðarhúsnæði, lífsreynsla sem enginn vill upplifa.
- Gera allt sem unnt er til að draga úr hættu á eldsvoða og hafa nauðsynlegan viðbúnað til þess að draga úr líkum á tjóni.
- Reynslan sýnir að eigið eftirlit eykur eldvarnir og öryggi og dregur úr líkum á tjóni.

### *Glæra 2: Samstarf um auknar eldvarnir*

- Samstarfssamningur. Eigið eldvarnaeftirlit innleitt
- Eldvarnafulltrúar í lykilhlutverki.
- Fræðsla um eldvarnir fyrir allt starfsfólk.

### *Glæra 3: Eldvarnir á vinnustað*

- Markmið að auka öryggi starfsfólks, skjólstæðinga og viðskiptavina og draga úr líkum á tjóni á rekstri og eignum.

### *Glæra 4: Leiðbeiningar Eldvarnabandalagsins um eigið eldvarnaeftirlit – unnið eftir þeim – allir hafi fengið leiðbeiningar afhentar*

### *Glæra 5: Eigið eldvarnaeftirlit*

- Innleiðing með skipulögðum hætti; Undirbúningur, innleiðing og framkvæmd, eftirfylgni og úrbætur.
- Viðvarandi, reglulegt verkefni.

### *Glæra 6: Stefna og markmið*

### *Glæra 7-8: Reglugerð – fara lauslega yfir*

### *Glæra 9: Aðferð*

- Ýmsar mögulegir ráðgjafar, verkfræðistofur, eldvarnaþjónusta, slökkvilið

### *Glæra 10: Ábyrgð eiganda og leigjanda*

- Að mestu í eigin húsnæði og ábyrgð því óskipt. Best að notandi húsnæðis annist eldvarnaeftirlit.
- Leigjanda óheimilt að nota húsnæðið á annan hátt en eldvarnir gera ráð fyrir.
- Leigjandi sér til þess að flóttaleiðir séu auðrataðar og greiðfærar.

- Leigjandi tilkynni eiganda tafarlaust um skort á eldvörnum eða bilun í eldvörnum sem eigandi ber ábyrgð á.

*Glæra 11: Að greina og draga úr áhættu*

- Áhersla á að bjarga lífi og heilsu, starfsfólk, skjólstaðingar.
- Megináhersla á rýmingu og björgun.
- Eru sérstök vandkvæði á rýmingu, til dæmis eldra fólk, fatlaðir, börn?
- Koma í veg fyrir og lágmarka tjón á eignum og verðmætum
- Er sérstök hættu á íkveikju sem valdið getur eldsvoða, til dæmis sorpgámar nálægt veggjum? Að minnsta kosti 10 metra frá húsvegg.
- Einföld atriði eins og að hafa ruslafötur úr járni fremur en plasti geta skipt miklu.
- Eldhús – skoða sérstaklega áhættu þar og eldvarnabúnað.
- Eldhætta og hættuleg efni.

*Glæra 12: Úttekt á eldvörnum*

- Gert ráð fyrir að fyrir liggi nýjar eða nýlegar skýrslur slökkviliðsstjóra.
- Vísa í umfjöllun í leiðbeiningum bls 6 – fjalla um einstaka liði með myndum sem á eftir fylgja.

*Glæra 13: Mynd, Viðvörðunarkerfi sé í lagi.*

*Glæra 14: Mynd: Ekki teppa aðgengi að slökkvibúnaði, slökkvitæki og brunaslöngur.*

*Glæra 15, Myndir, Útljós eiga að vera sílogandi.*

*Glæra 16: Myndir, Alls ekki teppa flóttaleiðir. Enga ruslsöfnun í flóttaleið – mikill eldsmatur í pappakössum og þvíumlíku. Gæta þarf sérstaklega að því að teppa flóttaleið ekki utanfrá!*

*Glæra 17: Mynd, Dyr í flóttaleiðum opnast fyrirhafnarlaust þegar á þarf að halda, án lykils.*

*Glæra 18: Myndir: Ekki fleyga eldvarnahurðir – rýfur brunahólfun hússins. Segull tengdur viðvörðunarkerfi ef halda þarf dyrum opnum.*

*Glæra 19: Myndir, Umgengni og árvekni innanhúss, athuga eldfim efni, rusl og þess háttar. Huga vel að eldhættu út frá rafmagni sem er ein helsta orsök bruna í fyrirtækjum.*

*Glæra 20: Myndir: Forðast eldhættu vegna brennanlegra efna utandyra. Íkveikja algeng orsök eldsvoða.*

*Glæra 21: Ríkar ástæður til eigin eftirlits*

- Tölur byggðar á um 3.000 eldvarnaskoðunum á vegum tryggingafélags.

*Glæra 22: Fræðsla og þjálfun starfsfólks*

- Á ábyrgð eldvarnafulltrúa að starfsfólk fái fræðslu.
- Athuga sérstaklega nýtt starfsfólk og afleysingafólk.
- Logavinna – sérstaklega áriðandi að gæta varúðar og hafa slökkvibúnað tiltækan.
- Gæta sérstakrar varúðar ef rjúfa þarf brunahólfun vegna viðhalds eða breytinga. Sjá til þess að tryggilega verði gengið frá.

*Glæra 23: Plakat Eldvarnabandalagsins verði sett upp á áberandi stað þar sem það blasir við starfsfólki dags daglega.*

*Glæra 24: Logavinna*

- Sýna verklagsreglur og logaleyfi á eldvarnabandalagid.is
- Rafsuða, logsuða, skurðarskífur, lagning þakpappa. Sérstök áhætta – viðeigandi varúðarráðstafanir:
- Að minnsta kosti tvö slökkvitæki þurfa að vera til taks.
- Fjarlægja á brennanleg efni, verja þau eða bleyta.
- Mikilvægt er að viðkomandi noti viðeigandi hlífðarbúnað.
- Vinna hefjist ekki nema svæðið sé öruggt og tryggt að fyllstu varúðar sé gætt.
- Áriðandi er að höfð sé brunavakt á meðan á suðu- og bræðslu á þakpappavinnu stendur og í að minnsta kosti 60 mínútur að henni lokinni.

*Glæra 25: Viðbragðs- og rýmingaráætlun*

- Markmið að allir komist öruggir út.
- Hvernig á að koma manneskju í hjólastól út? Öruggur staður, bíða björgunar.
- Nafnakall.
- Söfnunarsvæði utandyra – tryggja annað húsaskjól.

*Glæra 26: Hlutverk eldvarnafulltrúa við rýmingu*

- Ath. að viðbúnaður getur verið breytingur eftir eðli starfsemi.

*Glæra 27: Eldvarnafulltrúi*

*Glæra 28: Handbók um eldvarnir*

Handbók um eldvarnir – mappa (folder) með helstu gögnum sem lúta að eldvörnum og eftirliti með þeim:

- Þjónustusamningar vegna eldvarna – brunaviðvörðunarkerfi, vatnsúðakerfi og aðrir samningar
- Upplýsingar um eldvarnir – teikningar, eldvarnakerfi

*Glæra 29: Eftirlit samkvæmt gátlistum*

- Fjalla um Brunavörð og möguleika á að nota hann.
- Slökkviliðsstjóri hafi aðgang að gátlistum.

*Glærur 30-31: Gátlistar Eldvarnabandalagsins*

- Sýna gátlista – má nálgast á eldvarnabandalagid.is.
- Fara lauslega í gegnum hvorn gátlista um sig.
- Þátttakendur fái útprentað eintak af gátlistum.

*Glæra 32: Eftirfylgni og úrbætur*

*Glæra 33: Ávinningur af eigin eftirliti*

- Dæmi um ávinning hjá Faxaflóahöfnum og var ástand eldvarna þar alls ekki slæmt fyrir. Það sem koma skal.

*Glæra 34: Gangi ykkur vel!*

- Innleiðing eigin eldvarnaeftirlits – hvenær hefst. Árangur metinn að því loknu. Ekki hika við að leita liðsinnis og ráðgjafar slökkviliðsstjóra, tryggingafélags og hvers annars!